Innköllun vöru af markaði

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
Byrjun		
1. Tilkynning berst í þjónustugátt eða með RASFF	Málakerfi	1. Heilbrigðisfulltrúi eða eftirlitsmaður MAST fyllir út tilkynningu (eyðublað nr. 4.23) um innköllun matvæla í þjónustugátt MAST; http://umsokn.mast.is eða OnePortal (einungis MAST starfsmenn) Þegar umsækjandi velur aðgerðina "senda" er mál stofnað sjálfkrafa í málakerfi undir viðskiptavini (fyrirtæki eða HES). - Þjónustugátt sendir staðfestingu á móttöku umsóknar. Umsókn er send sjálfkrafa til móttökuaðila (viðkomandi starfsmaður Markaðsmála sem er skilgreindur undir viðeigandi málasniðmáti í málakerfi). - Berist tilkynning um innköllun frá RASFF mun viðtakandi hennar (starfsmaður Markaðsmála) senda tilkynninguna áfram til viðkomandi eftirlitsaðila innflytjandans og innköllunarferli hefst. - Öll gögn vegna málsins skal vista undir málsnúmerinu í málakerfi.
2. Dreifing upplýsinga	Tölvupóstur	2. Starfsmaður Markaðsstofu fer yfir málið og sendir upplýsingar um innköllunina áfram til allra heilbrigðiseftirlitssvæða (HES) ásamt neytendavernd MAST í tölvupósti. HES sér um að innkalla af markaði og skal upplýsa MAST um árangur innköllunar. Sjá einnig LBE-144. Starfsmaður Markaðsmála skrifar fréttatilkynningu f.h. MAST og sendir hana ásamt fréttatilkynningunni frá HES og/eða fyrirtækinu og mynd af vöru, til upplýsingafulltrúa MAST sem sér um birtingu frétta á heimasíðu mast.is. Hann sendir fréttatilkynninguna einnig á póstlista MAST og helstu fjölmiðla. Eftir atvikum má senda tilkynningu beint til t.d. astma- og ofnæmisfélagsins.
3. Eftirfylgni	Eftirlitsskýrsla	3. Skoðunarmaður heimsækir framleiðanda matvælanna eða dreifingaraðila ef um innflutt matvæli er að ræða og fer yfir innköllunarferlið. Skoðunarmaður leggur mat á heilnæmi verkferla ef eitthvað hefur farið úrskeiðis við framleiðslu vörunnar. Skoðunarmaður metur hvort þörf sé á sýnatökum eða framleiðslustöðvun. Að lokum er farið yfir árangur innköllunar og innköllunarferlisins hjá fyrirtækinu.
4. Upplýsingum um árangur safnað	Málakerfi og skráð í RASFF ef við á	4. Sérfræðingur Markaðsmála safnar saman upplýsingum frá HES og eftirlitsaðila framleiðandans/ dreifingaraðila og vistar í málinu. Ef innköllun hefur komið í gegnum RASFF eru aðgerðir Íslands skráðar í gátt RASFF til upplýsinga. Ef tilkynning um innköllun barst ekki í gegnum RASFF en varan hefur verið flutt úr landi eða er í dreifingu erlendis er lagt mat á hvort þurfi að senda út tilkynningu í RASFF og innkalla vöruna á Evrópumarkaði.
Endir		